

Mánudaginn 25. júní 1990.

Nr. 237/1990. **Guðni Helgason hf.**

gegn

**Guðgeiri Einarssyni,
Kristni Jóhannessyni og
Kjötbankanum sf.**

Kærumál. Frávísunardómur felldur úr gildi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 15. júní sl. Kærður er frávísunardómur bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðinn 10. maí sl. Umboðsmaður sóknaraðila kveðst fyrst hafa fengið vitneskju um dóminn 17. s.m.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðilum hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Atvikum málsins er skilmerkilega lýst í hinum kærða dómi. Ágreiningur málsaðila lýtur að endurgjaldi fyrir verk, sem sóknaraðili annaðist fyrir varnaraðila.

Í beiðni lögmanns varnaraðila um dómkvaðningu matsmanna er lýsing á því verki, er sóknaraðili tók að sér að framkvæma. Í matsgerð hinna dómkvöddu manna 9. febrúar 1989 er tekið fram, að „verk það sem hér um ræðir er skýrt afmarkað ...“. Þá er því lýst, að á fundi matsmanna, fyrirsvarsmanna aðila og lögmanna þeirra hafi komið fram lýsing og skýringar á framkvæmd verksins og umfangi þess.

Hvorki verður séð, að grundvöllur sá, er matsgerð þessara dómkvöddu matsmanna var markaður í matsbeiðni, né framkvæmd matsins hafi sætt andmælum af hálfu matsþola. Ef hann vildi ekki una þessu mati, átti hann þess kost að hlutast til um, að dómkvaddir yrðu yfirmatsmenn, sbr. 142. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Þess í stað fékk hann dómkvadda menn til að framkvæma nýtt undirmat, sem aðallega virðist hafa beinst að endurskoðun á framlögðum reikningum sóknaraðila.

Þessi aðferð við öflun sönnunargagna í málinu var, eins og hér stóð á, aðeins fallin til að drepa álitaefni þess á dreif.

Héraðsdómara bar að sjá til þess, að málið færi ekki svo afvega að þessu leyti sem raun varð á, sbr. 14. gr. laga nr. 85/1936.

Sakarefni málsins og ágreiningi aðila er svo háttað, að mat dómkvaddra manna hlýtur að verða höfuðsönnunargagn í málinu um réttmæti krafna sóknaraðila. Í málinu reynir á ýmis sérfræðileg atriði, og hefði dómara því verið rétt að kveðja til sérfróða meðdómendur, sbr. 3. tl. 200. gr. laga nr. 85/1936.

Úr þeim ágöllum, sem að framan er lýst, má bæta, sbr. 120. gr. laga nr. 85/1936. Þá má krefja aðila nauðsynlegra upplýsinga, að því er varðar aðild málsins. Ætti að því búnu að vera unnt að leggja efnisdóm á málið þrátt fyrir þá hnökra á málatilbúnaði, sem lýst er í hinum kærða frávisunardómi.

Með vísan til þess, sem nú hefur verið rakið, ber að fella hinn kærða dóm úr gildi.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávisunardómur er felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið.

S é r a t k v æ ð i

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Í máli þessu er deilt um endurgjald fyrir tiltekið verk, sem unnið var fyrir varnaraðila í starfsstöð hans, og efni samninga um verkið. Er sóknaraðili stefnandi málsins og byggir fjárkröfu sína á framlögðum reikningum fyrir efni og vinnu í verkinu, sem hann kveðst hafa tekið að sér í reikningsvinnu. Tölulega virðast reikningarnir nægilega skýrir til að standa undir kröfugerð fyrir dómi. Þeim er hins vegar mótmælt á þeim forsendum, að verktaki hafi gert fast tilboð í verkið á lægra verði, auk þess sem þeir séu of háir almennt séð. Varnaraðili telur einnig, að verklaunakrafan eigi að sæta lækkun fyrir þá sök, að verkinu hafi ekki verið lokið á umsömdum tíma, og hefur gert gagnkröfu af því tilefni. Hann vefengir og aðild sóknaraðila að verklaunakröfunni.

Eftir að málið var höfðað, lét varnaraðili dómkveðja matsmenn til að skoða hið umdeilda verk og meta, hvert væri eðlilegt endurgjald fyrir það. Skiluðu matsmenn greinargóðu álit, sem byggt var á almennum upplýsingum um verðlag á efni og einingarverð á uppmælingarvinnu. Fram kom í gerðinni, að aðilar hefðu gefið matsmönnum fullnægjandi lýsingu á umfangi verksins og framkvæmd.

Af gögnum málsins verður ekki séð, að sóknaraðili hafi borið fram sérstök andmæli við matsbeiðni varnaraðila eða framkvæmd matsgerðarinnar. Hann hefur og ekki hlutast til um vefengingu á matinu með því að láta dómkveðja yfirmatsmenn. Í þess stað hefur hann fengið menn dómkvadda til þess að yfirfara og meta reikningskröfu sóknaraðila fyrir verkið, í því ljósi, að það væri unnið í tíma-vinnu og samkvæmt kröfum um vandað verk. Í matsbeiðni hans var bent á tiltekin atriði, er aðgæta þyrfti, varðandi kostnaðarþætti verksins og matsmenn beðnir um álit á því, hvort reikningar sóknaraðila fyrir verkið væru sanngjarnir eftir atvikum að þeim atriðum virtum. Inntu matsmennirnir gerð sína af hendi í samræmi við þessa beiðni.

Þessi síðari dómkvaðning fór fram, án þess að matsbeiðninni eða þeim grundvelli, er hún markaði matinu, væri þá andmælt af hálfu varnaraðila, sem áskildi sér rétt til að leggja fram gögn við matið. Á hinn bóginn hefur hann mótmælt hinni framkomnu matsgerð á þeim forsendum, að framkvæmd hennar væri gölluð, þar sem matsmönnum hefði láðst að kveðja til fundar með aðilum og lögmönn-um þeirra.

Eins og málið er nú statt, virðist nægilega ljóst, hvaða verk það er, sem sóknaraðili er að krefjast greiðslu fyrir, og þarf hin síðari matsgerð ekki að draga úr því. Hefur sóknaraðili greinilega beðið um hana til þess að fá sama verkið metið eftir öðrum eða sérstökum forsendum, þ.e. með tilliti til gildis reikninga sóknaraðila fyrir verkið sem reikningsvinnuverk, en ekki ákvæðis- eða tilboðsverk. Virðist hún ekki fela í sér tilraun til að hnekkja fyrra matinu, heldur til að fá frekara mat til samanburðar við grundvöll þess, þannig að deila málsaðila geti beinst að þýðingu matsgerðanna fremur en efni hvorrar um sig. Þessi tilraun var í eðlilegu samhengi við máls-ástæður sóknaraðila, og get ég ekki fallist á, að með henni hafi málinu verið drepíð á dreif. Að vísu gat verið heppilegra að bera

málefnið undir sömu matsmenn, en ekki kemur fram, hvort á það var látið reyna. Þá er það og til trafala, að framkvæmd matsins er ekki óumdeild.

Að öðru en hinu síðastnefnda virðist málið í eðlilegum farvegi og ekki vanta nema herslumun til að gera það hæft til dómtöku. Úr því má reyna að bæta, eins og bent er á í atkvæði meiri hluta dómenda, og er ég alls kostar samþykkur þeirri niðurstöðu, að leggja beri fyrir héraðsdómara að halda áfram efnismeðferð málsins.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. maí 1990.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hefur Guðni Helgason hf., Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu birtri 2. maí 1988 á hendur Guðgeiri Einarssyni, Norðurvangi 23, Hafnarfirði, og Kristni Jóhannessyni, Víðihvammi 23, Kópavogi, persónulega og f.h. sameignarfélags þeirra, Kjötbankans, Flatahrauni 27, Hafnarfirði, til greiðslu kr. 715.760 með 51,6% dráttarvöxtum p.a. frá 1. janúar 1988 til 1. mars s.á., með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og vaxtavaxta, er leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. janúar 1989, auk kr. 260.971,60 í málskostnað, og beri málskostnaðurinn dráttarvexti, frá því er 15 dagar eru liðnir frá dómsuppkvaðningu.

Af stefndu hálfu er aðallega krafist sýknu, en lækkunar til vara og málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, hvernig sem málið fer.

Eftir því sem næst verður komist af gögnum málsins, tók Guðni Helgason, rafvirkjameistari og rafverktaki, aðaleigandi, stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Guðna Helgasonar hf., að sér sem verktaki að setja upp fyrir stefndu tvö kælikerfi og eitt frystikerfi ásamt tilheyrandi raflögnum í nýbyggingu Kjötbankans sf. að Flatahrauni 27 í Hafnarfirði í marsmánuði árið 1987. Verkinu var lokið eigi síðar en við finstillingu tækja 9. desember 1987. Varmi frá kælivélum er leiddur að varmaskipti í loftræstisamstæðu, sem bæði er til loftræstingar og upphitunar. Verktakinn tengdi saman kælivélasamstæðurnar og varmaskiptinn með röralögn og nauðsynlegum stjórn-tækjum. Verkið var vel af hendi leyst, og búnaðurinn hefur reynst vel. Að þessu marki virðist ekki ágreiningur með aðilum, og ágreiningslaust virðist einnig, að verktakinn hafi sjálfur hannað verkið og lagt raflagnir að tækjunum og sett upp tækjatöflu, en stefnandi telur, að eftir að verkið var hafið, hafi komið til aukaverk og breytingar á verkinu, sem ekki hafi verið gert ráð fyrir við samningsgerð.

Meginágreiningur er um það, hvernig hafi samist um verklaunin, en samningar aðila voru munnlegir. Stefndu telja, að samið hafi verið um kr.

1.000.000 - kr. 1.100.000 fyrir verkið, þannig að ef af því yrði, að í stað 5 ha. frystivélar yrði sett upp 7,5 ha. vél og verktakinn annaðist frágang tækjatöflu, fengi hann greitt fyrir það umfram lágmark, en þó ekki yfir hámarki. Stefnandi telur hins vegar, að hann hafi aðeins gert lauslega kostnaðaráætlun upp á kr. 1.100.000 fyrir hluta verksins, en að greiða hafi átt fyrir það eftir reikningi miðað við vinnutíma og smásöluverð efnis, sem hann aflaði og lagði til verksins, auk flutningskostnaðar. Þá er ágreiningur um aðild, þar sem stefndu kannast ekki við að hafa samið við hlutafélagið.

— — —

Samningsaðilar hirtu ekki um að bréfa samning sinn eða tryggja sér með öðrum hætti sönnun um efni hans. Eins og rakið hefur verið, komu fram af hálfu stefnanda við upphaf málsins óskýrar og ósamrýmanlegar staðhæfingar um umfang verksins og ósamrýmanleg gögn og staðhæfingar um aðild og um ástæður síðbúinna verkloka. Það, sem síðar hefur komið fram af hálfu stefnanda, hefur ekki eytt fullkomlega ósamkvæmni í málátílúnaði stefnanda og óvissu um staðhæfingar hans. Þykir því verða að fallast á það með stefndu, að málátílúnaður stefnanda sé verulega ónákvæmur og óglöggur. Eins og máli þessu er háttað, þykja þessar ástæður ekki geta leitt til sýknu, en hins vegar þykir verða að vísa því ex officio frá dómi. Þar sem stefndu hafa ekki krafist frávísunar og að öðru leyti sökum þess, hvernig málátílúnaði þeirra er háttað, þykir málskostnaður eiga að falla niður.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna anna dómarans og vegna þess, hversu tilraunir til að greiða úr málinu hafa reynst tímafrekar.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Málskostnaður fellur niður.
